

Af veruleikafirringu

Íslenskir flugumferðarstjórar eru veruleikafirrtir, sagði ráðherrann á sjónvarpsskjánnum, þungur á brún. Ýmsir hafa sjálfsgagt kinkað kolli heima í stofu enda fleiri en flugumferðarstjórar svo veruleikafirrtir að trúu því og treysta sem frá landsfeðrum kemur. Það var líka nokkuð til í fullyrðingu ráðherrans. Íslenskir flugumferðarstjórar voru veruleikafirrtir eins og dæmin sanna.

- Flugumferðarstjórar trúðu því að yfirlýsingar ráðherra í ríkisstjórn Íslands væru meira en orðin tóm og að þeir myndu semja um útfærslu á eigin tillögum.
- Þeir trúðu því að ráðherrar í ríkisstjórn landsins færu ekki viljandi með rangfærslur um launakjör flugumferðarstjóra í þeim tilgangi að snúa almenningsáliti í landinu gegn þeim.
- Þeir trúðu því að íslenska réttarríkið leyfði þeim að beita lögbundnum réttindum sínum í kjarabaráttu á sama hátt og öðrum stéttarfélögum.
- Þeir trúðu því að lögvarin lýðréttindi þeirra takmörkuðust ekki af tekjum þeirra eða af samúð almennings.
- Þeir trúðu því að ráðherrar í ríkisstjórn Íslands tækju drengskaparheit sitt að stjórnarskránni hátiðlega.
- Þeir trúðu því að forystumenn stjórnarandstöðu á Alþingi myndu mótmæla ofbeldi stjórnvalda gagnvart starfsstétt þeirra.
- Þeir trúðu því að heildarsamtök verkalyðs í landinu myndu túlka aðför stjórnvalda að lögbundnum réttindum flugumferðarstjóra sem aðför að eigin réttindum og mótmæla.

Íslenskir flugumferðarstjórar voru veruleikafirrtir en þeim var kippt harkalega inn í hinn íslenska veruleika þar sem stjórvöld notfæra sér ógnvænlega atburði erlendis sem afsökun til að brjóta lögbundin réttindi einnar starfsstéttar og höfða í leiðinni til samúðar almennings.

Íslenskir flugumferðarstjórar eru enn svo veruleikafirrtir að þeir treysta því að ríkisstjórn lýðveldisins, með stuðningi Alþingis, breyti rétt en láti ekki stefnu sína gagnvart einstökum starfsstéttum ráðast af pólitískri hagkvæmni og tilfinningasjónarmiðum.

Loftur Jóhannsson, LJ
Greinin birtist í Morgunblaðinu, fimmtudaginn 22. nóvember 2001